



# Bankasýsla ríkisins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstöður/ábendingar .....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur.....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstöður/ábendingar .....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.1.1	Verklagsreglum um innkaup .....	7
5.1.2	Ferðakostnaður.....	7
5.1.3	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	7
5.2	Niðurstöður .....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Launagjöld .....	8
6.2	Annar rekstrarkostnaður og afskriftir .....	8
6.3	Niðurstöður/ábendingar .....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	9
7.1	Eignir .....	9
7.1.1	Breytingar á efnahag frá 31.12.2016 til 1.1.2017 .....	9
7.1.2	Áhöld og búnaður .....	10
7.1.3	Tengdir aðilar .....	10
7.2	Eigið fé.....	10
7.2.1	Höfuðstóll .....	10
7.3	Skuldir .....	10
7.3.1	Viðskiptaskuldir.....	10
7.3.2	Ýmsar skammtímaskuldir.....	10
7.3.3	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	11
7.4	Niðurstöður/ábendingar .....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Staðfestingarbréf forstjóra.....	12
8.2	Óhæðisyfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Bankasýslu ríkisins fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjársýslu ríkisins, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreikningsins ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Bankasýslu ríkisins var vegna ársins 2013.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur varð af rekstri ársins 2017 , alls 20,3 m.kr. og kemur hann til hækkunar uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára. Ónýttar fjárveitingar í árslok 2017 námu 30,0 m.kr.

### 2. Innra eftirlit

Í fámennum stofnunum eins og Bankasýslu ríkisins er erfitt að koma að flóknu innra eftirliti. Það byggir nær eingöngu á að forstjóri samþykki útgjöld og að Fjársýsla ríkisins sjái um greiðslu gjalda og bókhald fyrir stofnunina.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Bankasýsla ríkisins fylgir lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

### 4. Rekstrarliðir

Við endurskoðunina var minni háttar ábendingum komið á framfæri við stofnunina og gerði hún viðeigandi leiðréttingar vegna þeirra.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 nam 99,0 m.kr. Til lækkunar kom breyting vegna fjárfestingarframlags 0,7 m.kr. Endanleg fjárheimild til stofnunarinnar nam því 98,3 m.kr.

Rekstrargjöld námu 78,3 m.kr. á árinu 2017 og urðu þau 20,3 m.kr. lægri en heildarfjárveiting ársins gerði ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingu og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting	Framlag	Rekstur	Frávik	Rekstur
	2017	2017	2017	2017	2016
Tekjur	0	0	-804	804	0
Launagjöld	75.600	75.600	60.816	14.784	61.553
Önnur rekstrargjöld	23.400	22.749	17.220	5.529	26.397
Afskriftir og niðurfærsla	0	0	804	-804	0
Samtals	99.000	98.349	78.036	20.313	87.950

Laun og önnur rekstrargjöld voru lægri vegna þess að ekki varð af sölu á eignahluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum eins og búist var við.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Tekjufærsla vegna frestaðra tekna var jöfn afskriftum. Auk þess var uppfærð orlofsskuldbinding á árinu 2017 en hún hafði ekki verið færð áður.

### 3.2 Rekstraráætlun

Unnin var rekstraráætlun sem samþykkt var af fjármálaráðuneyti og var hún færð í fjárhagskerfið, Orra.

Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 99,0 m.kr. í útgjöld ársins en þau urðu 20,3 m.kr. lægri og munar þar mest um minni aðkeypta sérfræðipjónustu og lægri laun vegna þess að ekki var ráðið í lausar stöður.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárheimilda stofnunarinnar.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Bankasýslu ríkisins ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Forstjóri samþykkir reikninga og greiðslu launa. Athuganir Ríkisendurskoðunar á samþykktum reikningum og greiðslu launa staðfesta að greiðslur eru samþykktar af forstjóra.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Aðgreining starfa er tryggð með verkaskiptingu milli þeirra aðila sem samþykkja útgjöld og þeirra sem sjá um bókhald og greiðslu gjalda.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Skoðað er hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2017.

#### 5.1.1 Verklagsreglum um innkaup

Fylgt er reglum ríkisins um notkun rammasamninga Ríkiskaupa þar sem því verður við komið.

#### 5.1.2 Ferðakostnaður

Fylgt er reglum ríkisins um ferðakostnað.

#### 5.1.3 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Fylgt er reglum um endurgreiddan virðisaukaskatt og sér Fjársýsla ríkisins um framkvæmdina.

### 5.2 Niðurstöður

Bankasýsla ríkisins fylgir lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Launagjöld

Launagjöld og starfsmannakostnaður nam 60,8 m.kr. á árinu og lækkaði um 0,7 m.kr. milli ára eða 1,2%. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Ársverk árið 2017 voru 3,0 og fækkaði þeim um 0,5 ársverk frá árinu áður. Orlofsskuldbinding að fjárhæð 6,5 m.kr. er nú færð í fyrsta sinn vegna breytinga á reikningsskilum ríkisins. Hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum var 77,2% árið 2017. Úrtakskönnun sem gerð var á launum var án athugasemda.

### 6.2 Annar rekstrarkostnaður og afskriftir

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð og leitað skýringa. Önnur rekstrargjöld árið 2017 námu 18,0 m.kr. og lækkuðu um 8,4 m.kr. Rekja má lækkunina til þess að ekkert varð af sölu ríkiseigna á árinu 2017. Afskriftir að fjárhæð 0,8 m.kr. voru nú færðar í fyrsta sinn í reikningskilstofnunarinnar.

Tekið var úrtak fylgiskjala á nokkrum tegundum. Fylgiskjölín voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglu um meðferð reikninga. Minniháttar ábendingum var komið á framfæri við stofnunina en að öðru leyti var endurskoðunin án athugasemda.

### 6.3 Niðurstöður/ábendingar

Minniháttar ábendingum var komið á framfæri við stofnunina og voru í framhaldi af því gerðar viðeigandi leiðréttingar.



## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru endurskoðaðir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða eigna og skulda. Meðfylgjandi er samanburður á efnahag í árslok 2016 og 2017 ásamt stofnefnahagsreikningi, sem gerður var þann 1. janúar 2017 vegna breytinga á reikningskilareglum.

Í árslok 2017 námu eignir 42,0 m.kr., skuldir námu 12,0 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 30,0 m.kr.

Í þús.kr.	2017 31.12	1.1 .2017 Stofnefnahags- reikningur	2016 31.12
Eignir:			
Tæki og búnaður	1.999	2.152	0
Viðskiptakröfur	4	0	0
Tengdir aðilar	39.985	10.377	11.591
Eignir alls	41.988	12.529	11.591
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	30.023	8.672	10.924
Tengdir aðilar	5	0	0
Viðskiptaskuldir	2.328	667	667
Ýmsar skammtímaskuldir	7.633	1.038	0
Frestaðar tekjur	1.999	2.152	0
Eigið fé og skuldir alls	41.988	12.529	11.591

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Breytingar á efnahag frá 31.12.2016 til 1.1.2017

Sú breyting varð á reikningskilum þann 1. janúar 2017, vegna nýrra laga um opinber fjármál nr. 123/2015 að eignfæra skal fastafjármuni og uppfæra orlofsskuldbindingar. Í framhaldi af því var gerður nýr stofnefnahagsreikningur.

1. Eignfærðar voru 2,2 m.kr. vegna tækja og búnaðar og sama fjárhæð var einnig færð til skuldar sem frestaðar tekjur.
2. Skuldfærð var 1,0 m.kr. orlofsskuldbinding og var hún jafnframt færð til lækkunar á eigið fé.
3. Höfuðstóll lækkaði um 1,2 m.kr. vegna niðurfellingar fjárveitinga samkvæmt lokafjárlögum 2016 úr 10,9 m.kr. í 9,7 m.kr. Viðskiptareikningur stofnunarinnar við ríkissjóð lækkaði einnig um 1,2 m.kr. og stóð í 10,4 m.kr.

Fjársýsla ríkisins sá um uppfærslu eigna og byggði við það á fyrirbyggjandi eignaskrá og upplýsingum úr launakerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eignanna en forstjóri Bankasýslunnar samþykkti stofnefnahagsreikninginn formlega þann 16. mars 2017.

### 7.1.2 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 0,7 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum en afskriftir til lækkunar námu 0,8 m.kr. Áhöld og búnaður námu samtals 2,0 m.kr. í árslok 2017.

### 7.1.3 Tengdir aðilar

Um er að ræða viðskiptaskuld við ríkisjóð að fjárhæð 38,9 m.kr. og hækkaði hún um 28,6 m.kr. á árinu. Auk þess er um að ræða 1,0 m.kr. kröfu vegna leiðréttingar á orlofsskuldbindingu sem var færð á eigið fé í stofnefnahagsreikningi í upphafi árs. Í skýringu 9 með ársreikningnum kemur fram að Alþingi hafi ekki samþykkt framlag vegna orlofsskuldbindingarinnar en hún er færð á grundvelli yfirlýsingar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

## 7.2 Eigið fé

### 7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll Bankasýslu ríkisins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok 2016 námu ónotaðar fjárheimildir 10,9 m.kr. Í stofnefnahagsreikningi lækkaði höfuðstóll um 1,2 m.kr. vegna niðurfellingar á fjárheimildum samkvæmt lokafjárlögum 2016. Auk þess lækkuðu fjárheimildir um 1,0 m.kr. vegna þess að í stofnefnahagsreikningi var mótfærsla uppfærslu skulda færð á eigið fé. Eigið fé nam því 8,7 m.kr. í upphafi árs að teknu tilliti til breytinganna.

Á árinu 2017 var 1,0 m.kr. sem færð hafði verið til lækkunar á eigið fé í stofnefnahagsreikningi fé færð til baka sem viðskiptakrafa meðal tengdra aðila. Við það hækkaði eigið fé í 9,7 m.kr. Að teknu tilliti til tekjuafgangs að fjárhæð 20,3 m.kr. á árinu 2017 námu ónýttar fjárheimildir í lok ársins 2017 samtals 30,0 m.kr.

## 7.3 Skuldir

### 7.3.1 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 2,3 m.kr. í lok árs og hækkuðu um 1,7 m.kr. frá árinu áður. Um er að ræða ógreidda reikninga í árslok 2017. Við endurskoðun var gengið úr skugga um að ógreiddir reikningar væru greiddir á árinu 2018. Endurskoðunin var án athugasemda.

### 7.3.2 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 7,6 m.kr. í árslok 2017. Um er að ræða orlofsskuldbindingu vegna starfsmanna alls 7,5 m.kr. og ógreidd laun vegna launaleiðréttingar alls 0,1 m.kr.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi sem nam 7,5 m.kr. í árslok

2017. Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

### 7.3.3 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu, samkvæmt LOF, að eignfæra fjárfestingar og gjaldfæra afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar til skuldar í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum (frestuðum tekjum) sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nam 2,0 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 2,2 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 sem er lækkun um 0,2 m.kr. Fjárfesting hjá Bankasýslu ríkisins í tækjum, búnaði, áhöldum og óefnislegum eignum nam 0,6 m.kr. en afskriftir ársins að fjárhæð 0,8 m.kr. koma til lækkunar.

## 7.4 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf forstjóra

Fyrir liggur staðfestingarbréf forstjóra Bankasýslu ríkisins vegna ársreiknings 2017. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi stofnunarinnar.

### 8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)